

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, fyrir Vikurskarð 2 og Glimmerskarð 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. október 2025 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, fyrir Vikurskarð 2 og Glimmerskarð 1. Breytingin felst í því að lóðamörk breytast, en stærðir lóða haldast óbreyttar.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, fyrir Völuskarð 16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. október 2025 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, fyrir Völuskarð 16. Breytingin felst í því að form grunnflatar breytist og hann stækkar um 2 fm. Húsgerð breytist úr R2, eins til þriggja hæða tvíbýlishúsi, í P2, parhús á tveimur hæðum. Fallið er frá bundinni byggingarlínu. Þak verður annaðhvort einhalla eða flatt og einhalla. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á íbúð og bílskúr/opnu bílskily í hvorri íbúð.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 23. október 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 6. nóvember 2025